

bœnda
FERÐIR

AÐVENTUBLÆR Í RÓM



3. – 8. desember 2025

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Aðventuferð

Ítalía

Ferðalýsing

Það er jólalegt í **Róm**, höfuðborg Ítalíu, í aðdraganda hátíðarinnar þegar ilmurinn af ristudum kastaníuhnetum tekur að berast frá götugrillum borgarinnar. Á fegursta torgi borgarinnar, **Piazza Navona**, er aðaljólamarkaðurinn en hver gata eða verslunarhverfi bæjarins hafa sínar sérstöku skreytingar. Það er jólalegt í verslunum bæjarins og ljósadýrðin gleður vegfarendur. Í byrjun nóvember kemur ítalska rauðvínið, vino novello á markað og gefur það tóninn fyrir komandi aðventu. Engin borg í heiminum er eins rík af fornminjum og Róm og hér verða margir áhugaverðir staðir skoðaðir, meðal annars **Kapítólhæðin, Forum Romanum, Palatínhæðin, Pantheon og Colosseum**. Við upplifum iðandi mannlíf Rómabúa hjá Trevi gosbrunninum sem er eitt af helstu kennileitum borgarinnar en einnig vel þekkt í nútímamenningu vegna kvikmyndar Fellínís, **La dolce vita**. Við däumst einnig að öðru kennimerki Rómar, **Spænsku tröppunum**, þar sem sjá má eitt þekktasta Maríu líkneski Rómar. Við sækjum **Péturskirkjuna** heim og förum inn á safn Vatíkansins sem er eitt stærsta og mikilvægasta menningar- og listasafn í heiminum.

6 dagar | 5 nætur í Róm



3. desember | Flug til Rómar

Brottför frá Keflavík kl. 8:20, mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Róm kl. 14:00 að staðartíma. Hin yndislega Rómaborg byggðist upp á sjö hæðum og var á blómaskeiði sínu fyrsta borg heims til að ná einni milljón íbúa. Fáar borgir vekja eins mikla aðdáun og Róm og þar gefst okkur góður tími til að upplifa og njóta aðventunnar. Hér verður gíst í fimm nætur á góðu 4* hóteli. Í eftirmiðdaginn fer fararstjóri með hópinn í stuttan göngutúr í nágrenni hótelsins. Sameiginlegur kvöldverður á hótelinu.

4. desember | Skoðunarferð um borgina eilífu Róm

Á dagskránni í dag er fróðleg gönguferð um borgina eilífu, Róm. Farið verður frá hótelinu inn í Centro Storico og skoðum m.a. Spænsku tröppurnar þar sem eitt helsta Maríulíkneski Rómar trónir hátt upp á kórintískri súlu. Sjáum einnig eitt frægasta kennileiti Rómar, Trevi brunninn en hefðin segir að með því að kasta mynt í brunninn tryggir þú að þú komir aftur til Rómar. Göngum að Pantheon sem er best varðveitta fornbygging Rómar og stendur við Piazza della Rotonda torgið en endum gönguna við eitt fegursta torg Rómar, Piazza Navona, en það er byggt á gömlum íþróttaleikvangi Rómverja. Þar er mikið um að vera enda er þar aðaljólamarkaður



borgarinnar. Við höfum nú frjálsan tíma til að kynnst borginni og mannlífinu eins og hvern og einn lystir. Kvöldverður á eigin vegum.

5. desember | Colosseum, Palatín hæð, Forum Romanum & Kapítólhæð

Nú er ferðinni heitið í Colosseum, hið víðfræga hringleikahús sem var vettvangur skyldinga og stórkostlegra skemmtana. Á Palatínhæðinni má sjá rústir hallanna sem keisararnir bjuggu í og njóta útsýnis yfir Forum Romanum. Í Forum Romanum er hægt að ganga um minjar hofanna, basilíkanna og markaðstorganna sem voru hjarta hinnar fornu borgar. Endum ferðina á Kapítólhæð sem geymir nú Kapítólínusafnið með dýrmætum fornminjum. Þessi skoðunarferð veitir einstaka innsýn í glæsilega sögu Rómaveldis en eftir þetta hefur hver og einn frjálsan tíma til að skoða sig um á eigin vegum. Kvöldverður á eigin vegum.



6. desember | Ljúfur dagur í Róm

Nú er upplagt að njóta þess sem Róm hefur upp á að bjóða. Sagan býr við hvert fótímal og ariktektúr borgarinnar spannar yfir 2500 ár. Fyrir utan fornar byggingar má sjá kirkjur og kapellur, hallir, leikhús, torg og skúlptúra byggð með einkennandi stíl endurreisnartímans og barokktímabilsins. Hægt er að skoða nánar þær perlur sem við höfum kynnst nú þegar eða koma við á jólamarkaðinum við Piazza Navona. Kaupmenn finnast víða í borginni, fínar verslanir eru við Spænsku tröppurnar en aðalverslunargötturnar eru Via del Corso og Via dei Condotti. Kvöldverður á eigin vegum.



7. desember | Söfn Vatíkansins & Péturskirkjan



Eftir morgunverð verður haldið að Vatíkaninu og Péturskirkjunni, meistaraverkum síns tíma. Við förum inn á safn Vatíkansins sem er eitt stærsta og mikilvægasta menningar- og listasafn í heiminum og á rætur sínar að rekja aftur til 16. aldar. Verkin sem þar gefur að líta eru í eigu páfadómsins en myndun safnsins hefur tengst sögu kaþólsku kirkjunnar og vestrænnar menningar sterkum böndum. Þekktust innan safnsins er Sixtínska kapellan en freskurnar í lofti hennar eru eitt kunnasta listaverk veraldar og eru eftir helsta listamann endurreisnartímans, Michelangelo. Einnig er vel þess virði að skoða veggmyndirnar en þær voru unnar af öðrum þekktum listamönnum endurreisnartímans, svo sem Botticelli, Perugino, Rosselli og fleirum. Þessu næst höldum við til Péturskirkjunnar og þeir sem vilja geta farið upp í kúpul kirkjunnar en þaðan er stórkostlegt útsýni yfir borgina og Péturstorgið. Kvöldverður á eigin vegum.

8. desember | Heimflug frá Róm

Nú er komið að heimferð eftir dásamlega daga í Rómaborg. Brottför er kl. 11:30 og lent í Keflavík kl. 15:30 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Hótel

Við gistum í fimm nætur á 4* hóteli, NH Hotel Rome Centro.

Verð

229.900 kr. á mann í tvíbýli | 64.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair til Rómar og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgunverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Einn kvöldverður á hóteli.
- ✓ Aðgangseyrir í Vatíkan safnið.
- ✓ Aðgangur í Collessum og Pantheon.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.

Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Vínsmökkun.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Fjórir kvöldverðir í Róm.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Valfrjálst

- ✓ Aðgangur að Péturskirkjunni € 5

